


Apríl 2025

Stjórnskipulag aðgerðarstjórnar



Lögreglan á Suðurlandi

**Stjórnskipulag aðgerðarstjórnar í
umdæmi lögreglustjórans á
Suðurlandi**

Unnin af lögreglustjóranum á Suðurlandi

Ríkislögreglustjóra

Almannavarnarnefnd Árnessýslu

Almannavarnarnefnd Hornafjarðar

Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Skaftafellssýslu

Athugasemdir við áætlunina skal senda til

lögreglustjórans á Suðurlandi í netfangið

almannavarnirsudurland@logreglan.is

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	5
1.1	RAFRÆN UNDIRRITUN.....	6
2	STAÐHÆTTIR	7
2.1	UMDÆMIÐ	7
2.2	ÁHÆTTUÞÆTTIR	8
2.3	SVEITARFÉLÖGIN	8
3	VIÐBRAGÐ INNAN UMDÆMIS	9
3.1	ALMANNAVARNARNEFNDIR	9
3.1.1	Almannavarnarnefnd Árnessýslu	9
3.1.2	Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu	9
3.1.3	Almannavarnarnefnd Austur-Skaftafellssýslu	9
3.2	LÖGREGLAN	9
3.2.1	Selfoss	10
3.2.2	Hvolsvöllur.....	10
3.2.3	Vík í Mýrdal	10
3.2.4	Kirkjubæjarklaustur.....	10
3.2.5	Hornafjörður	10
3.3	HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS	10
3.3.1	Hveragerði	10
3.3.2	Ölfus.....	10
3.3.3	Selfoss	11
3.3.4	Laugarás.....	11
3.3.5	Rangárþing ytra – Hella og Hvolsvöllur.....	11
3.3.6	Vík í Mýrdal	11
3.3.7	Kirkjubæjarklaustur.....	12
3.3.8	Hornafjörður	12
3.3.9	Sjúkraflutningar	12
3.4	UMDÆMISLÆKNIR SÓTTVARNA	13
3.5	LANDSBJÖRG	13
3.5.1	Svæðisstjórn Landsbjargar svæði 3.....	13
3.5.2	Svæðisstjórn Landsbjargar svæði 16.....	13
3.5.3	Svæðisstjórn Landsbjargar svæði 15.....	13
3.6	RAUÐI KROSSINN Á ÍSLANDI	14
3.6.1	Rauði krossinn í Árnessýslu	14
3.6.2	Rauði krossinn í Hveragerði	14
3.6.3	Rauði krossinn í Rangárvallasýslu	14
3.6.4	Rauði krossinn í Vík	14
3.6.5	Rauði krossinn á Klaustri.....	14
3.6.6	Rauði krossinn á Hornafirði.....	14
3.7	SAMRÁÐSHÓPUR UM SAMFÉLAGSLEGAN STUÐNING.....	14
3.7.1	Árnessýsla	15
3.7.2	Rangárvalla og V - Skaftafellssýsla	15
3.7.3	Sveitarfélagið Hornafjörður	15
3.8	SLÖKKVILIÐ	15
3.8.1	Brunavarnir Árnessýslu	15
3.8.2	Brunavarnir Rangárvallasýslu	15
3.8.3	Slökkvilið Víkur.....	16
3.8.4	Slökkvilið Skaftárhrepps.....	16
3.8.5	Slökkvilið Hafnar í Hornafirði	16
3.9	LANDVERÐIR.....	16
3.9.1	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.....	16
3.9.2	Vatnajökulsþjóðgarður	16
3.9.3	Skálaverðir ferðafélaganna.....	16
3.10	FERÐAÞJÓNUSTAN	16
3.11	HÚSNÆÐI	17
3.11.1	Selfoss	17

3.11.2	Hveragerði	17
3.11.3	Ölfus	17
3.11.4	Laugarás.....	17
3.11.5	Hella	17
3.11.6	Hvolsvöllur.....	17
3.11.7	Vík í Mýrdal	17
3.11.8	Kirkjubæjarklaustur.....	17
3.11.9	Höfn í Hornafirði	17
4	VIRKJUN	18
4.1	ALVARLEIKASTIG ATVIKS	18
4.2	FORGANGUR VIÐBRAGÐS	19
4.3	UMFANG ATBURÐAR	19
4.4	BOÐUN	20
4.5	AFBOÐUN	21
5	STJÓRNKERFI.....	22
5.1	GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS	22
5.2	AÐGERÐASTJÓRN (AST)	23
5.3	VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR AÐGERÐASTJÓRN	24
5.4	VETTVANGSSTJÓRN (VST).....	25
5.5	VERKÞÁTTASTJÓRAR.....	26
5.6	VERKÞÁTTASKIPULAG FYRIR VETTVANGSSTJÓRN	27
5.7	SAMHÆFINGARSTÖÐIN(SST)	28
5.8	UPPLÝSINGAFLÆÐI / FJÖLMIÐLAR	28
5.8.1	Ábyrgð og aðkoma mismunandi aðila	28
5.8.2	Helstu verkefni gagnvart fjölmiðlum.....	29
5.8.3	Aðgengi að vettvangi	29
5.8.4	Upplýsingar um atburðinn og afdrif þolenda:.....	29
5.9	SJÚKRAFLUG.....	29
6	STARFSSVÆÐI.....	30
6.1	MÓTTÖKUSTAÐUR BJARGA (MÓT).....	31
6.2	BIÐSVÆÐI BJARGA (BB)).....	32
6.3	SLYSSTAÐUR OG NÆSTA NÁGRENNI (SLY).....	33
6.4	SÖFNUNARSVÆÐI SLASAÐRA (SSS)	34
6.5	SÖFNUNARSVÆÐI LÁTINNA (SSL)	35
6.6	GÆSLUSTÖRF Á VETTVANGI	36
6.7	SÖFNUNARSVÆÐI AÐSTANDENDA (SSA)	37
6.8	FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐ (FHS)	38
6.9	TALNING/SKRÁNING	39
7	FJARSKIPTI / SAMSKIPTI	40
7.1	GRUNNSKIPULAG FJARSKIPTA	40
7.2	VARAFJARSKIPTASKIPULAG	42
7.3	GRUNNSKIPULAG FJARSKIPTA Á SJÓ	42

1 INNGANGUR

Stjórnskipulagsáætlun fyrir aðgerðarstjórn á Suðurlandi segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Áætlunin er unnin af lögreglustjóranum á Suðurlandi, í samstarfi við almannavarnarsvið ríkislögreglustjóra, almannavarnarnefndir Árnessýslu, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Hornafjarðar. Allir viðbragðsaðilar og aðrir sem nefndir eru í áætlununum, voru hafðir með í ráðum.

Markmið stjórnskipulagsáætlunar og atvikaáætlana, sem henni fylgja fyrir hvert einstaka atvik, er ætlað að tryggja skipulögð fyrstu viðbrögð í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Að þolendum berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Atvikaáætlanir eru til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Stjórnskipulag aðgerðarstjórnar á Suðurlandi nær yfir allar almannavarnaraðgerðir og eftir atvikum aðrar aðgerðir í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Atvikaáætlanir eru fyrir viðburði sem þarfnast frekari áætlunargerðar og útskýringa.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi, í samvinnu við almannavarnarsvið ríkislögreglustjóra, ber ábyrgð á virkni áætlana innan umdæmisins og að þessir aðilar vinni saman að uppfærslum og lagfæringum á þeim. Ritstjórn er á ábyrgð lögreglustjórans á Suðurlandi og skal að jafnaði endurskoða áætlanir á fjögurra ára fresti.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi skal beita sér fyrir því að atvikaáætlanir séu æfðar reglulega, í það minnsta á tveggja ára fresti.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipuritið SÁBF vegna aðgerða á vettvangi.

Við gerð stjórnskipulags- og atvikaáætlana var stuðst við ákvæði laga nr. 82/2008 um almannavarnir, reglugerð nr. 323/2010 um gerð og efni viðbragðsáætlana, reglugerð nr. 650/2009 um flokkun almannavarnarstiga, reglugerð nr. 100/2009 um skipulag og störf stjórnar samhæfingar- og stjórnstöðvar og viðbragðsaðila almannavarna og ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996

Viðbragðsáætlunin tekur gildi

15.04.2025

1.1 Rafræn undirritun

2 STADHÆTTIR

Lýsing á umdæminu og helstu björgum innan umdæmis.

2.1 Umdæmið

Suðurland samkvæmt áætlun þessari nær frá mörkum Sveitarfélagsins Ölfuss í vestri yfir að mörkum Sveitarfélagsins Hornafjarðar í austri. Landsvæðið afmarkast í samræmi við umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi, samkvæmt reglugerð 1150/2014. Innan umdæmis eru Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.



Í umdæminu eru um 53% sumarbústaða á landinu öllu, nú rúmlega 8.000 talsins. Þar er einnig að finna 45 auglýst tjaldsvæði en á hverju þeirra geta dvalið frá tuttugu til tvö þúsund manns á hverri nóttu þegar ferðamenn eru flestir á landinu. Fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins eru einnig í umdæminu, Þingvellir, Gullfoss og Geysir, Vík í Mýrdal, Skaftafell og Jökulsárlón eru þeir stærstu en mikill fjöldi fólks sækir einnig Þórsörk, Dyrhólaey, Reynisfjöru og Sólheimajökul heim auk fjölda annarra staða. Kerlingarfjöll og Landmannalaugar auk Lónsöræfa tilheyra umdæminu og eru þúsundir ferðamanna dag hvern yfir sumarmánuðina á hálendinu innan umdæmisins. Ferðamenn eru akandi á eigin vegum og í skipulögðum hópferðum auk þess að vera gangandi eða hjólandi, jafnt á láglendi sem á fjallvegum í misjafnri færð. Heldur færri ferðamenn eru yfir vetrarmánuðina en vetrarferðamennska er vaxandi grein og þar með fjölgar fólki í umdæminu bæði á hálendinu og á þjóðvegum á þeim tíma. Meðaltalsspá um fjölda ferðamanna gerir ráð fyrir að rúmlega 2,5 milljónir manna muni heimsækja Ísland heim árið 2025 af þeim koma um 80% á Suðurlandið samkvæmt talningum Ferðamálastofu.

Náttúruvá er víðtækasta og stærsta ógnin innan umdæmisins, jarðskjálftar, eldgos, vatns- og jökulflóð hafa þar hvað mest áhrif. Nánar er fjallað um einstaka náttúruvá í sérstakri atvikaáætlun. Þá geta aurskriður fylgt miklum vatnavöxtum auk vatnsflóða. Innan umdæmisins eru svæði sem verða tímabundið varhugaverð og geta skapað hættu vegna vinds og óveðurs. Þar má nefna svæði á þjóðvegi nr. 1 eins og undir Eyjafjöllum, við Pétursey á Mýrdalssandi og í Öræfum en þar geta sviptivindar úr norðri valdið töluverðum truflunum á umferð og skapað slysaættu. Vetrarfærð getur einnig víða valdið truflunum og vandræðum, sér í lagi þar sem umferð er mikil, sem á einna helst við í vestari hluta umdæmisins.

2.2 Áhættuþættir

Helstu atburðir sem gætu kallað á virkjun viðbragðsáætlana innan umdæmisins.

1.	Hópslys	
2.	Samgöngutruflanir	Aðstoð á vegum– flutningur mikils fjölda fólks á þjóðvegi nr.1
3.	Umferðarslys utan þéttbýlis	
4.	Eldgos	
5.	Hlaup	Skríður og flóð
6.	Jarðskjálftar	
7.	Flugslys	
8.	Sjóslys	
9.	Gróðureldar	
10.	Eitranir	CBRNE-veikindi, sýking eða matareitrun
11.	Samfélagsleg áföll	Í einu eða fleiri sveitarfélögum
12.	Heimsfaraldur	

2.3 Sveitarfélögin

Fjórtán sveitarfélög eru innan umdæmisins og er stærð þeirra nokkuð breytileg. Sveitarfélagið Árborg er stærst með rúmlegar ellefu þúsund íbúa. Fjögur sveitarfélög eru með rúmlega tvö þúsund íbúa og tvö með rúmlega þúsund, fámennasta sveitarfélagið telur rétt undir þrjú hundruð íbúa. Landfræðilega eru sveitarfélögin einnig mjög mismunandi. Nánar má finna upplýsingar um sveitarfélögin á heimasíðu [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#)

Þann 1. janúar 2025 var skráð búseta í umdæminu 30.808 íbúar alls og skiptust þeir þannig eftir sveitarfélögum:

Sveitarfélagið Hornafjörður	2.589
Sveitarfélagið Árborg	12.064
Mýrdalshreppur	965
Skaftárhreppur	627
Ásahreppur	299
Rangárþing eystra	2.073
Rangárþing ytra	1.940
Hrunamannahreppur	914
Hveragerði	3.300
Sveitarfélagið Ölfus	2.757
Grímsnes- og Grafningshreppur	575
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	617
Bláskógabyggð	1.362
Flóahreppur	726
Samtals íbúar	30.808

3 VIÐBRAGÐ INNAN UMDÆMIS

Margar einingar koma að almannavörnum og aðgerðum í umdæminu. Starfsstöðvar og umsjónarsvæði ásamt helstu upplýsingum um mönnun og skipan verður lýst hér á eftir.

3.1 Almannaavarnarnefndir

Innan umdæmisins starfa þrjár almannaavarnarnefndir, sem eru skipaðar lögreglustjóra umdæmisins, fulltrúum úr sveitarstjórn, viðbragðsaðilum á svæðinu og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara.

Öll sveitarfélögin í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi standa að kostnaði við sameiginlegan starfsmann sem sinnir almannavörnum í umdæminu og er áheyrnarfulltrúi í almannaavarnarnefndum. Hann er starfsmaður lögreglustjórans á Suðurlandi

3.1.1 Almannaavarnarnefnd Árnassýslu

Sveitarfélögin í Árnassýslu hafa sameinast í eina almannaavarnarnefnd. Þrír fulltrúar almannaavarnarnefndar skipa framkvæmdaráð almannaavarna í Árnassýslu. Slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnassýslu er framkvæmdastjóri almannaavarna Árnassýslu.

3.1.2 Almannaavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu


Sveitarfélögin í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu hafa sameinast um eina almannaavarnarnefnd.

3.1.3 Almannaavarnarnefnd Austur-Skaftafellssýslu

Sveitarfélagið Hornafjörður stendur eitt að almannaavarnarnefnd Austur-Skaftafellssýslu.

3.2 Lögreglan

Umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi er um 31.000 km² það nær frá Sandskeiði í vestri að Hvalnesskriðum í austri en þetta er um fjórðungur landsins og 494 kílómetrar af þjóðvegi nr.1. Innan umdæmisins eru fimm lögreglustöðvar og starfsmannafjöldi embættisins er um 85 manns.



3.2.1 Selfoss

Sólarhringsvakt er á stöðinni, einnig er á stöðinni rannsóknardeild og ákærusvið embættisins. Dagleg þjónusta er þar virka daga.

3.2.2 Hvolsvöllur

Sólarhringsvakt er á stöðinni.

Skrifstofa lögreglustjóra er á annarri hæð og þar er daglegri þjónustu sinnt.

3.2.3 Vík í Mýrdal

Vakt er á stöðinni frá morgni og fram á kvöld og bakvakt yfir nóttina.

3.2.4 Kirkjubæjarklaustur

Vakt er á stöðinni frá morgni og fram á kvöld og bakvakt yfir nóttina.

3.2.5 Hornafjörður

Vakt er á stöðinni frá morgni og fram á kvöld og bakvakt yfir nóttina.

3.3 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) er með sama þjónustusvæði og umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi að viðbættum Vestmannaeyjum. HSU rekur heilsugæslustöðvar á tíu stöðum á Suðurlandi. Mönnun á heilsugæslunum er mismunandi og þarf að kanna getu hverju sinni. Einnig má búast við því að starfsfólk stöðvanna sé þegar komið á vettvang og því ekki inni á stöð til að taka á móti slösuðum. Viðmiðin hér eru því einungis til viðmiðunar og ekki örugg geta.

3.3.1 Hveragerði

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 1-2

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 1-2

Gæsluvakt læknis: 0

Hjúkrunarfræðingar: Á stöð er 1 öruggur en hægt að kalla inn í hús 4.

Geta:

Grænir 10

Gulir 1-3

Rauðir 0

3.3.2 Ölfus

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 0-1

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 0-2

Gæsluvakt læknis: 0

Hjúkrunarfræðingar: Á stöð er 1 öruggur en hægt að kalla inn í hús 2-4.

Geta:

Grænir 5

Gulir 1

Rauðir 0

3.3.3 Selfoss

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 4-7

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 0-4

Gæsluvakt læknis: 1

Hjúkrunarfræðingar: Á stöð eru 3 öruggir en hægt að kalla inn í hús 10.

Bráðamóttaka mönnun: (BMT)

Sérfræðilæknar: 1-3

Almennir læknar, sérnámslæknar eða læknanemar: 0-2

Hjúkrunarfræðingar: 2-3 í húsi en hægt að kalla inn 10.

Samtals geta heilsugæslu og bráðataækna:

Grænir 30

Gulir 5

Rauðir 2

3.3.4 Laugarás

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 0-1

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 0-2

Gæsluvakt læknis: 1

Hjúkrunarfræðingar: Á stöð er 1 öruggur en hægt að kalla inn í hús 4 – 6.

Geta:

Grænir 10

Gulir 1

Rauðir 0

3.3.5 Rangárþing ytra – Hella og Hvolsvöllur

Á Hellu og Hvolsvelli er opið til skiptis og því starfar sama fólkíð á báðum stöðvum.

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 0-2

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 0-3

Gæsluvakt læknis: 1

Hjúkrunarfræðingar: Á stöð er 1 öruggur en hægt að kalla inn í hús 4 – 6.

Geta:

Grænir 20

Gulir 1-3

Rauðir 0

3.3.6 Vík í Mýrdal

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 0-1

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 0-1

Gæsluvakt læknis: 1

Hjúkrunarfræðingar: Á stöð er 1 öruggur en hægt að kalla inn í hús 2.

Geta:

Grænir 4

Gulir 0

Rauðir 0

3.3.7 Kirkjubæjarklaustur

Á Klaustri er ekki alltaf læknir á vakt en vant fólk sinnir bráðapjónustu.

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 0-1

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 0-1

Gæsluvakt læknis: 0-1

Hjúkrunarfræðingar: 0-1

Geta:

Grænir 4

Gulir 0

Rauðir 0

3.3.8 Hornafjörður

Á Höfn er ekki alltaf læknir á vakt en vant fólk sinnir bráðapjónustu.

Heilsugæsla mönnun:

Sérfræðilæknar: 0-2

Almennir læknar eða sérnámslæknar: 0-2

Gæsluvakt læknis: 1

Hjúkrunarfræðingar: Á stöð er 1 öruggur en hægt að kalla inn í hús 3-4.

Geta:

Grænir 4

Gulir 0

Rauðir 0

3.3.9 Sjúkraflutningar

Eru hluti af rekstri HSU og er Selfoss aðalstöð sjúkraflutninga með fullri mönnun ásamt Hvolsvelli. Vík, Kirkjubæjarklaustur og Hornafjörður manna með bakvakt.

Sjúkraflutningamenn sinna bráðaflokkun á slysstað.

3.4 Umdæmislæknir sóttvarna

Umdæmislæknir sóttvarna er starfandi í sóttvarnaumdæmi Suðurlands. Umdæmið fylgir mörkum lögreglustjórans á Suðurlandi, frá Selvogi í vestri að Krossanesi í austri, auk Vestmannaeyja. Umdæmislæknir sóttvarna er tilnefndur af ráðherra og er ábyrgur fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir faglegri stjórn sóttvarnalæknis. Umdæmislæknir skal vera í samstarfi við sóttvarnalækni um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluvalda ef með þarf.

Umdæmislæknir sóttvarna hefur heimild til að virkja viðbragðsáætlanir eða þær sem eru á sameiginlegri ábyrgð ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis í samráði við sóttvarnalækni. Umdæmislæknir á sæti í aðgerðastjórn í þeim atburðum sem varða sjúkdóma sem falla undir sóttvarnalög.

Umdæmislæknir sóttvarna á Suðurlandi situr á Hornafirði (staðsetning er ákvörðun ráðherra) og honum til aðstoðar eru fjórir svæðislæknar sóttvarna, staðsettir á Selfossi, í Hveragerði, Vestmannaeyjum og Rangárþingi.

3.5 Landsbjörg

Þrjár svæðisstjórnir eru í umdæminu, svæðismörk þeirra eru þau sömu og almannavarnarnefnda. Svæðisstjórn á svæði 3 er bakland svæðisstjórna 15 og 16 í aðgerðum þar sem AST er á Selfossi að öllu jöfnu.

Svæðisstjórn fer með tæknilega stjórn sinna eininga í aðgerðum. Hún tryggir að réttar einingar séu boðaðar í verkefni, að viðkomandi sé staðkunnugur og hafi yfirsýn yfir stöðu og hæfni eininga.

Landsstjórn er bakland svæðisstjórna í SST og finnur til bjargir utan umdæmis ef kallað er eftir því.

Yfir sumartímann heldur Landsbjörg uppi hálendisgæslu á miðhálandinu sem skipuð er fyrstu hjálpar fólki og fjallabjörgunarfólki.

3.5.1 Svæðisstjórn Landsbjargar svæði 3

Er með aðstöðu í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og starfssvið hennar er svæðið vestan Þjórsár. Að baki hennar eru níu björgunarsveitir með ýmsa sérhæfingu. Svæðið hefur yfir að ráða fjölda fjallabíla og fólksflutningabíla ásamt snjósleðum, snjóbílum, vörubílum, harðbotna bátum, sjópotum, svifnökkva og gúmmibát. Hópslysakerra er á Flúðum og eru þar starfandi nokkrir sérhæfðir hópar, þ.e. þrír drónahópar, sex fjórhjóláhópar, þrír straumvatnshópar, sex leitarhundar, fjallahópur, undanfarar og fyrstu hjálpar hópur.

3.5.2 Svæðisstjórn Landsbjargar svæði 16

Er með aðstöðu í húsnæði Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu og Dagrenningar á Hvolsvelli, starfssvið hennar er svæðið frá Þjórsá að Skeiðarársandi. Að baki hennar standa átta björgunarsveitir með ýmsa sérhæfingu. Svæðið hefur yfir að ráða fjölda breyttra fjallabíla og fólksflutningabíla ásamt snjósleðum, einum sérhæfðum bíl til sjúkraflutninga í óbyggðum sem staðsettur er á Hellu. Snjóbílar eru bæði á Hellu og Hvolsvelli, buggy-bíll, vörubílar og gúmmibátar. Rafstöðvakerra er staðsett á Hvolsvelli og eru þar nokkrir sérhæfðir hópar eins og drónahópar, sleðahópar, snjóbílahópar, leitarhundar og fyrstu hjálpar hópur.

3.5.3 Svæðisstjórn Landsbjargar svæði 15

Er með aðstöðu í húsnæði Björgunarfélags Hornafjarðar og starfssvæði hennar er Sveitarfélagið Hornafjörður. Hún býr yfir öflugum fjallabílum og lítilli hópþreifrið ásamt vélsleðum, björgunarskipi og harðbotna björgunarbáti og stórum dróna. Í Örafum er fjallabíll og lítill hópþreifrið sem ber tvo sjúklinga og þá er gamall sjúkrabíll til umráða og bryndreki og hópslysakerra (tjald og búnaður). Á Höfn og í Örafum eru VHF-gáttir í húsum eininga og gáttin í Örafum er fjarstýrð. Svæðið er sérhæft í viðbragði inn á jökla og Vatnajökul sökum stækkandi ferðamennsku á því svæði.

3.6 Rauði krossinn á Íslandi

Rauði krossinn á Íslandi gegnir stoðhlutverki við stjórnvöld í almannavörnum. Hlutverk félagsins felst meðal annars í opnun og rekstri fjöldahjálparstöðva, koma upp söfnunarsvæðum aðstandenda og skráningarstöðva og sinna úrvinnslu skráninga og sýna sálfélagslegan stuðning og koma að rekstri þjónustumiðstöðva almannavarna. Rauði krossinn á fulltrúa í AST og SST í aðgerðum.

Neyðarvarnir eru landsdekkandi verkefni og er bakvaktarsími opinn allan sólarhringinn sem sér um að kalla út einingar eða deildir eftir þörfum hvers verkefnis eða atviks.

Sex deildir eru starfandi á Suðurlandi en viðbrögð eru samræmd á landsvísu. *Rauði krossinn á Íslandi sér um að kalla út viðkomandi viðbragð óháð getu eða búnaði hvernar deildar.*

Hér er hlekkur á [RKÍ Suðurlandi](#)

3.6.1 Rauði krossinn í Árnessýslu

Starfssvæði deildarinnar er Árnessýsla án Hveragerðis.
Hýsir fjöldahjálparkerru á Selfossi.

3.6.2 Rauði krossinn í Hveragerði

Starfssvæði deildarinnar er Hveragerði.

3.6.3 Rauði krossinn í Rangárvallasýslu

Starfssvæði deildarinnar er Rangárvallasýsla.
Hýsir fjöldahjálparkerru á Hvolsvelli.

3.6.4 Rauði krossinn í Vík

Starfssvæði deildarinnar er Mýrdalshreppur og Austur-Eyjafjöll frá Steinum.
Deildin hýsir 6,2 Kw rafstöð og fjöldahjálparkerru.

3.6.5 Rauði krossinn á Klaustri

Starfssvæði deildarinnar er Skaftárhreppur.
Hýsir fjöldahjálparkerru (búnaður í FHS).

3.6.6 Rauði krossinn á Hornafirði

Starfssvæði deildarinnar er Sveitarfélagið Hornafjörður.
Hýsir fjöldahjálparkerru á Höfn og í Öræfum.

3.7 Samráðshópur um samfélagslegan stuðning

Sálrænn stuðningur er sérhæfð þjónusta við fólk sem lendir í áföllum og byggir hann á viðurkenndum aðferðum til að bregðast við bráðum áfallastreituviðbrögðum og beinist að því að draga úr uppnámi og stuðla þannig að betri aðlögun eftir áfallið. Sálrænn stuðningur er afmarkaður, tímabundinn þar sem lögð er áhersla á forvarnir og mat á þörfum fyrir frekari eftirfylgd.

Í samráðshópi áfallahjálpar í lögregluumdæmum sitja fulltrúar þeirra stofnana er daglega sinna áfallahjál og sálfélagslegum stuðningi. Starfsstöðvar hópans eru oftast í húsnæði Rauða kross deilda á svæðinu eða í þjónustumiðstöð hafi hún verið sett á laggirnar. Einnig vinnur samráðshópurinn áætlun um fyrirkomulag á færslu sálfélagslegs stuðnings frá Rauða krossinum til staðbundinna aðila. Það er gert samhliða því þegar endurreisnarstarfið í heild sinni færir til viðkomandi sveitarfélaga og annarra staðbundinna aðila. Þetta gerir samráðshópurinn í samvinnu við þjónustumiðstöð almannavarna þegar við á og/eða samhæfingarstöð almannavarna.

Hópstjóri er fulltrúi Rauða krossins á Íslandi eða einhver annar sem hópurinn kemur sér saman um. Hópstjóri boðar til fundar, ritar fundargerðir og heldur utan um starf hópans.

3.7.1 Árnessýsla

Aðilar sem standa að áfallateyminu eru Þjóðkirkjan, lögreglan, Rauði kross Íslands, félagsþjónusta og skólaskrifstofa sveitarfélagsins og hjúkrunarstarfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í sveitarfélaginu.

Teymið sinnir sálrænni aðstoð vegna áfalla og slysa, sér í lagi þegar um stærri atburði er að ræða. Oftast er fyrst haft samband við prest sem metur með lögreglu hvort þörf sé á aðkomu teymisins og þá hve marga starfsmenn þurfi út frá umfangi atviksins. Almennt hittist hópurinn tvisvar eða þrisvar á ári og er það félagsmálastjóri sem boðar til fundar.

3.7.2 Rangárvalla og V - Skaftafellssýsla

Aðilar sem standa að áfallateyminu eru Þjóðkirkjan, lögreglan, Rauði kross Íslands, félagsþjónusta og skólaskrifstofa sveitarfélagsins og hjúkrunarstarfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í sveitarfélaginu.

Teymið sinnir sálrænni aðstoð vegna áfalla og slysa, sér í lagi þegar um stærri atburði er að ræða. Oftast er fyrst haft samband við prest sem metur með lögreglu hvort þörf sé á aðkomu teymisins og þá hve marga starfsmenn þurfi út frá umfangi atviksins. Almennt hittist hópurinn tvisvar eða þrisvar á ári og er það félagsmálastjóri sem boðar til fundar.

3.7.3 Sveitarfélagið Hornafjörður

Aðilar sem standa að áfallateyminu eru Þjóðkirkjan, lögreglan, Rauði kross Íslands, félagsþjónusta og skólaskrifstofa sveitarfélagsins og hjúkrunarstarfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Hornafirði.

Teymið sinnir sálrænni aðstoð vegna áfalla og slysa, sér í lagi þegar um stærri atburði er að ræða. Oftast er fyrst haft samband við prest sem metur með lögreglu hvort þörf sé á aðkomu teymisins og þá hve marga starfsmenn þurfi út frá umfangi atviksins. Almennt hittist hópurinn tvisvar eða þrisvar á ári og er það félagsmálastjóri sem boðar til fundar.

3.8 Slökkvilið

Innan umdæmisins eru fimm slökkvilið, stærð þeirra er nokkuð misjöfn og aðeins eru slökkviliðsmenn á föstum dagvöktum hjá Brunavörnum Árnessýslu.

Slökkviliðsstjóri eða hans fulltrúi er vettvangsstjóri á brunavettvangi.

3.8.1 Brunavarnir Árnessýslu

Eru reknar í samstarfi allra sveitarfélaga í Árnessýslu og eru stærstar innan umdæmisins. Aðalstöð BÁ er á Selfossi en auk þess eru sex útstöðvar.

Selfoss heldur úti fjögur manna dagvakt en útkallsliðið er 60 menn, útstöðvar eru í Hveragerði eða 19 manna útkallslið, í Þorlákshöfn er 16 manna útkallslið, á Laugarvatni er 13 manna útkallslið, í Reykholti átta manna, á Flúðum 14 manna og í Árnesi 14 manna og eru bakvaktir á hverjum stað. Nákvæmur búnaðarlisti er hjá fulltrúa slökkviliðsins.

Þegar AST er á Selfossi sendir BÁ fulltrúa í AST sem er bakland slökkviliða umdæmisins í aðgerðum.

3.8.2 Brunavarnir Rangárvallasýslu

Er rekið í samstarfi milli Rangárbings eystra, Rangárbings Ytra og Ásahrepps. Starfsstöðvar eru tvær, ein á Hellu og önnur á Hvolsvelli. Á Hellu er einn maður á vakt og þess utan eru 17 manns í útkallsliði og þar af 13 reykfara. Starfsstöðin á Hvolsvelli er með tuttugu manna útkallslið og þar af níu reykfara. Nákvæmur búnaðarlisti er hjá fulltrúa slökkviliðsins á hverjum tíma.

Þegar AST er á Hvolsvelli í lengri aðgerðum þá sendri BR fulltrúa í AST og er bakland slökkviliða í aðgerðum.

3.8.3 Slökkvilið Víkur

Er rekið af Mýrdalshreppi, starfssvæði þess nær frá Blautukvísl á Mýrdalssandi að Jökulsá á Sólheimasandi. Starfsstöðin er í Vík. Einn maður er á dagvakt en útkallsliðið er tuttugu manns og þar af eru átta reykkafarar. Nákvæmur búnaðarlisti er hjá fulltrúa slökkviliðsins á hverjum tíma.

3.8.4 Slökkvilið Skaftárhrepps

Er rekið af Skaftárhreppi og er starfssvæði þess í samræmi við mörk sveitarfélagsins. Starfsstöð er á Kirkjubæjarklaustri. Starfsemi er ekki haldið úti dag hvern og samanstendur af 15 manna útkallsliði. Nákvæmur búnaðarlisti er hjá fulltrúa slökkviliðsins á hverjum tíma.

3.8.5 Slökkvilið Hafnar í Hornafirði

Er rekið af Sveitarfélagi Hornafjarðar og starfssvæði þess er innan marka sveitarfélagsins. Tvær starfsstöðvar eru reknar, ein á Höfn og hin í Öræfum. Aðalstöðin er á Höfn með dagvakt en útkallsliðið samanstendur af 19 mönnum, í Öræfum er 17 manna útkallslið. Nákvæmur búnaðarlisti er hjá fulltrúa slökkviliðsins.

3.9 Landverðir

Landverðir eru opinberir starfsmenn og starfa í þjóðgörðum, á friðlýstum svæðum og öðrum náttúruverndarsvæðum. Þeir hafa heimild til að stöðva för fólks og farartækja ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir brot á náttúruverndarlögum.

3.9.1 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum rekur gestastofu á Hakinu og þjónustumiðstöð á Leirum og er tjaldstæði þar að baki ásamt tjaldstæðinu í Vatnakoti við Þingvallarvatn. Þjóðgarðsverðir/landverðir koma að hinum ýmsu störfum í þjóðgarðinum, þeir eru staðkunnugir og geta komið til aðstoðar töluvert á undan öðrum viðbragðsaðilum.

Þá hafa bráðaliðar þar viðveru yfir sumartímann sem þjónusta gesti þjóðgarðsins með minniháttar atvik en einnig þegar um stærri atvik er að ræða og koma þá fljótt á vettvang.

3.9.2 Vatnajökulspjóðgarður

Vatnajökulspjóðgarður rekur tvær gestastofur í umdæminu Skaftafellsstofu í Skaftafelli og Skaftárstofu á Kirkjubæjarklaustri. Þá sinnir þjóðgarðurinn nokkrum landvörslustöðvum sem mannaðar eru yfir sumartímann í Hrauneyjum, Nýjadal, Eldgjá og á Lakagígum frá Hólaskjólí, Breiðamerkursandi fyrir Jökulárlón og í Fjallsárlóni, Fellsfjöru og á Heimabergssvæðinu.

Landverðir búa yfir kunnáttu í skyndihjálpi og eru staðkunnugir og geta verið á svæðum þar sem þörf er á aðstoð töluvert á undan viðbragðsaðilum.

3.9.3 Skálaverðir ferðafélaganna

Á hálendinu er töluverður fjöldi gistiskála á vegum ferðafélaganna og hafa skálaverðir það hlutverk í samvinnu við aðra að fylgjast með hópum sem fara á milli skála hvort þeir hafi skilað sér á áfangastað. Skálaverðir fá fréttir af ýmsum aðstæðum sem eru á þessum leiðum milli skála.

3.10 Ferðapjónustan

Áríðandi er að koma flæði upplýsinga til skila til ferðamanna og ferðapjónustuaðila vegna náttúruhamfara og veðurtengdra aðstæðna. Á hverjum tíma getur fjöldi ferðamanna verið töluverður umfram íbúa svæðisins og mikilvægt er að réttar upplýsingar berist þeim og ferðapjónustuaðilum.

AST setur sig í samband við samtök ferðapjónustu á Suðurlandi til að tryggja tengingu og upplýsingaflæði við ferðapjónustuaðila.

3.11 Húsnæði

Upplýsingar um húsnæði viðbragðsaðila hefur mikilvægu hlutverki að gegna í almannavarnaaðgerðum.

3.11.1 Selfoss

Lögreglan	Lögreglustöðin Hörðuvöllum
AST	Björgunarmiðstöðin Selfossi
VST / Svæðisstjórn	Björgunarmiðstöðin Selfossi
HSU	Heilbrigðisstofnun Suðurlands

3.11.2 Hveragerði

HSU	Heilsugæslustöð
VST / Svæðisstjórn	Hjálparsveit skáta

3.11.3 Ölfus

HSU	Heilsugæslustöð
VST / Svæðisstjórn	Björgunarsveitin Mannbjörg

3.11.4 Laugarás

HSU	Heilsugæslustöð
VST / Svæðisstjórn	

3.11.5 Hella

HSU	Heilsugæslustöð
VST / Svæðisstjórn	Flugbjörgunarsveitin / slökkvistöð

3.11.6 Hvolsvöllur

Lögreglan	Aðgerðastjórnunarstöð (AST) 2. hæð
Lögreglan	Lögreglustöðin
HSU	Heilsugæslustöð
VST / Svæðisstjórn	Björgunarsveitin Dagrenning

3.11.7 Vík í Mýrdal

Lögreglan	Lögreglustöðin
HSU	Heilsugæslustöð
VST / Svæðisstjórn	Björgunarsveitin Víkverji

3.11.8 Kirkjubæjarklaustur

Lögreglan	Lögreglustöðin
HSU	Heilsugæslustöðin
VST / Svæðisstjórn	Björgunarsveitin Kyndill

3.11.9 Höfn í Hornafirði

Lögreglan	Lögreglustöðin
HSU	Heilsugæslustöð
VST / Svæðisstjórn	Björgunarfélag Hornafjarðar

4 VIRKJUN

Virkjun viðbragðs fer eftir alvarleika og umfangi atviks eða viðburðar.

4.1 Alvarleikastig atviks

Almannavarnastigin lýsa alvarleika og eru þrjú, óvissustig, hættustig og neyðarstig. Skilgreiningar á almannavarnastigi, umfangi og forgangi eru í reglugerð 650/2009

Óvissustig

Skilgreining samkvæmt reglugerð:

- Þegar afla þarf upplýsinga um menn sem óvissa ríkir um.
- Þegar skip, loftfar eða menn hafa ekki komið fram á ákvörðunarstað eða ekkert heyrst frá þeim í tiltekinn tíma.
- Þar sem óvissa ríkir um öryggi skips eða loftfars og þeirra sem í því eru.
- Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.
- Þegar sóttvarnaryfirvöld meta þörf á að hefja undirbúning að viðbúnaði vegna farsóttar samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Hættustig

Skilgreining samkvæmt reglugerð:

- Þegar hefja þarf eftirgrennslna eftir mönnum sem óttast er um.
- Þegar tilraunir til að ná sambandi við skip, loftfar eða menn hafa ekki borið árangur.
- Þegar upplýsingar hafa borist sem gefa til kynna að sjóhæfni skips sé takmörkuð, flughæfni loftfars skert og menn í vanda staddir, þó ekki svo alvarlegar að líkur séu á neyðarástandi.
- Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum þó ekki svo alvarlegt að um neyðarástand sé að ræða.
- Ef auka þarf viðbúnað og sóttvarnarráðstafanir vegna yfirvofandi farsóttar.

Neyðarstig

Skilgreining samkvæmt reglugerð:

- Þegar viðhafa þarf tafarlausa viðbrögð vegna manna sem óttast er um.
- Þegar ítrekaðar tilraunir til að hafa samband við skip, loftfar eða menn hafa reynst árangurslausar og óttast er að viðkomandi sé í neyð.
- Þegar staðfestar upplýsingar hafa borist um að skip, loftfar eða menn séu í neyð eða yfirvofandi hættu og þarfnist tafarlausrar aðstoðar.
- Þegar slys eða hamfarir hafa orðið eða þegar heilbrigðisöryggi manna er ógnað svo sem vegna farsóttar.

4.2 Forgangur viðbragðs

Þörf á að forgangshraða viðbragðsaðila ræðst af alvarleika slyss eða atburðar. Við boðun viðbragðsaðila vegna almannavarna aðgerða skal nota eftirfarandi skilgreiningar á forgangi.

F1 – Mesti hraði.

F2 – Mikill hraði.

F3 – Lítil hraði.

F4 – Ekki forgangur.

4.3 Umfang atburðar

Umfang atburðar er táknað með litum, grænn, gulur og rauður og svartur.

Grænt

Slysi eða atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum eða stofnunum þar sem dagleg skipan mála á viðbúnaði er nægjanleg til þess að eiga við verkefnið. Daglegar bjargir í umdæminu sinna atvikinu án aukins viðbúnaðar.

Gult

Alvarlegt slys eða atburður svo sem leit á einu svæði eða þegar þörf er á að margir viðbragðsaðilar eða stofnanir sinni verkefninu. Umfang þar sem daglegar bjargir í umdæminu sinna atvikinu auk þátttöku valinna bjarga.

Rautt

Mjög umfangsmikið slys eða atburður svo sem leit eða björgun við erfiðar aðstæður eða á mörgum svæðum. Þörf á aðkomu mikils fjölda viðbragðsaðila eða stofnana og aukin þörf á samhæfingu og stjórnskipulagi almannavarna. Umfang þar sem daglegar bjargir í umdæminu þurfa utanaðkomandi aðstoð.

Svart

Þjóðarvá; hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.


4.4 Boðun

Stjórnskipulag almannavarna í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi virkjust sjálfkrafa við virkjun atvikaáætlunar eða þegar almannavarnaástandi er lýst yfir í umdæminu. Atvikaáætlunir segja til um fyrsta viðbragð í framhaldi af virkjun og þörf fyrir umfang bjarga er ákveðið af AST og miðast við fjölda ætlaðra þolenda í hverju tilviki fyrir sig. Forsendur virkjunar atvikaáætlana eru í samráði við neðangreinda aðila og/eða viðeigandi atviksáætlun.

- Lögreglustjórinn á Suðurlandi
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar
- Flugturn viðkomandi flugvallar (flugatvik)
- Flugstjórnarmiðstöð í Reykjavík (flugatvik)
- Landhelgisgæsla Íslands (sjóatvik)

Þegar áætlunin hefur verið virkjuð er ráðist í aðgerðir í umdæminu undir stjórn aðgerðastjórnar. Aðgerðastjórn metur hvort þörf sé á að boða fleiri aðila til starfa.

Meðfylgjandi tafla er myndræn framsetning á umfangsgetu daglegs viðbragðs út frá fjarlægðum. Litakóði hefur beina tilvísun í umfang atburðar samkvæmt reglugerð 650/2009.



Þeir viðbragðsaðilar sem bregðast við á þessum stigum eru boðaðir samkvæmt boðunaráætlun viðkomandi áætlunar.

Neyðarlínan 112 annast boðun.

Skal þá boða út skv. gildandi boðunaráætlun viðeigandi atvikaáætlunar og hvaða háskastig skuli virkja:

- ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG, NEYÐARSTIG
- F1 F2 F3 F4
- Grænn, Gulur, Rauður, Svartur
- Líkleg staðsetning atburðar í hnitum skv. korti
- Ef við á, að senda út ákveðin svæðisboð

Neyðarlínan tryggir boðun með SMS og að koma upplýsingum til bjarga á TETRA-talhóp, **Blár 8 - 0 og með öðrum viðeigandi fjarskiptum.**

Við boðun stofnar lögreglan aðgerð í aðgerðagrunni og deilir með öðrum viðbragðsaðilum.

Viðbragðsaðilar á leið á vettvang skrá upplýsingar um hóp í aðgerðagrunninn.

- Hverjir eru í hóp
- Hvaða tæki
- Sérþekking hóps/meðlima, geta
- Tækjabúnaður meðferðis

4.5 Afboðun

Aðgerðastjórn tilkynnir afboðun til Neyðarlínu og Samhæfingarstöðvar, sé hún virk, sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. Aðgerðastjórn tilkynnir auk þess um afboðun á TETRA til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

5 STJÓRNKERFI

5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnskipulagsins



5.2 Aðgerðastjórn (AST)

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjórans á Suðurlandi.

Lögreglustjóri eða fulltrúi hans situr í AST ásamt fulltrúa almannavarnarnefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn AST starfar í samvinnu við Samhæfingarstöð SST. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í umdæminu.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fer með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

Aðgerðastjórn AST er skipuð fulltrúum:

- ☐ Lögreglustjórans á Suðurlandi sem hann tilnefnir - **aðgerðastjóri**
- ☐ Brunavarna Árnassýslu, eða viðkomandi slökkviliðs
- ☐ Svæðisstjórnar Landsbjargar á svæði 3 / á svæði 16
- ☐ Rauða kross Íslands
- ☐ Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
- ☐ Öðrum eftir atvikum: sveitarfélag, Veðurstofa, LHG, Isavia, Vegagerðin, Ferðamálastofa, raf- og fjarskiptafyrirtæki og aðrir.

Stjórnandi skipar fólk í stöðu/verkefni samkvæmt SÁBF

Þegar AST hefur verið virkjuð er:

- ☐ Innra skipulag AST virkjað og hlutverk tryggð (SÁBF)
- ☐ Skipar öryggisstjóra, starfar undir stjórnanda
- ☐ Aðgerðarstjóri upplýsir um fyrirkomulag rannsókna
- ☐ Tryggir símsvörun og önnur samskipti um fjarskipti
- ☐ Tryggir virkjun VST eða skipun vettvangsstjóra
- ☐ Kannar hjá VST og upplýsir SST um þörf á björgum með sjúkraflugi
- ☐ Tryggir skráningu og meðferð upplýsinga
- ☐ Tryggir flæði uppl. innan AST
- ☐ Gerir stöðumat á HSU
- ☐ Gerir stöðumat á samgöngum
- ☐ Gerir stöðumat á björgum í umdæminu
- ☐ Kannar mannaflapörf (bjargar) og óskar eftir frekari aðstoð frá SST, ef þess er þörf
- ☐ Tryggir viðbúnað vegna lokana í samráði við VST
- ☐ Hugar að hjáleið ef vegi er lokað
- ☐ Skipar fjölmiðlafulltrúa
- ☐ Útbýr fréttatilkynningu
- ☐ Ákveður stað fyrir móttöku fjölmiðla ef á við og fréttatilkynningu
- ☐ Kannar uppl. um mannamót og ferðir utan alfaraleiðar ef við á
- ☐ Setur sig í samband við ferðapjónustuaðila á svæðinu
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði á milli AST og sveitarfélaga, Veðurstofu Íslands, vísindamanna, Vegagerðar, og fleiri ef við á.
- ☐ Skipuleggur samhæfingu rýmingar miðað við uppl.
- ☐ Útbýr texta fyrir fjölda sendinga og hlekk frá RKÍ fyrir skráningar, ef við á
- ☐ Staðfestir við SST að rýmingarboð séu farin áleiðis ásamt skráningarhlekki
- ☐ Tryggir samskipti við fjöldahjálparstöð/vara
- ☐ Kemur á samskiptum við fulltrúa Ferðamálastofu
- ☐ Ákveður tíma fyrir reglulega stöðufundi

Aðsetur AST: Björgunarmiðstöðin á Selfossi / Skrifstofa lögreglustjóra á Hvolsvelli

Vara aðsetur: Skrifstofa lögreglustjóra á Hvolsvelli

5.3 Verkpáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn

Verkskipting er samkvæmt verkpáttaskipuriti fyrir AST. Aðgerðastjóri getur breytt verkskiptingu ef hann telur þörf á.



5.4 Vettvangsstjórn (VST)

Stjórn og samhæfing á vettvangi er í höndum vettvangsstjóra sem tilnefndur er af lögreglustjóra og kemur úr röðum lögreglunnar. Hann þarf að hafa að baki þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn.

VST er skipuð fulltrúum frá:

- ☐ Lögreglunni á Suðurlandi, vakthafandi varðstjóri, vettvangsstjóri
- ☐ Slökkviliði svæðisins
- ☐ Björgunarsveit – á skaðasvæði
- ☐ Heilbrigðisstofnun (HSU)
- ☐ Eða öðrum eftir atvikum, þ.e. frá Veðurstofu Íslands, Landhelgisgæslunni, Isavia, Vegagerðinni, raforkufyrirtækjum, fjarskiptafyrirtækjum og fleirum.

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í VST eftir aðstæðum hverju sinni.

Þegar VST hefur verið virkjuð er:

- ☐ Innra skipulag VST virkjað og hlutverk tryggð (SÁBF)
- ☐ Öryggisstjóri tilnefndur sem starfar í samvinnu við öryggisstjóra AST
- ☐ Símsvörun og önnur samskipti um fjarskipti tryggð
- ☐ Fjarskipti á og við vettvang tryggð
- ☐ Skráning og meðferð upplýsinga tryggð
- ☐ AST upplýst um þörf á björgum með sjúkraflugi
- ☐ Uppsetning á MÓT tryggð
- ☐ Uppsetning á starfsvæðum og biðsvæðum tryggð, ef við á
- ☐ Lokanir tryggðar, og AST beðið um hjáleið ef vegi er lokað
- ☐ Mannaflapörf (bjargir) könnuð og AST beðið um útvegum bjarga sem þarf
- ☐ Tími fyrir stöðufundi ákveðinn
- ☐ Tryggt að bjargir skili sér úr verkefnum sem er lokið

Aðsetur VST: Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við AST hverju sinni.

5.5 Verkpáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkpátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkpáttastjóra en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra.

Verkpáttastjórar	Aðilar sem skipa verkpáttastjóra	Vinnusvæði
Björgunarstjóri	Sjá viðkomandi atvikaáætlun	Við slysstað
Aðhlyningarstjóri	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Við slysstað / söfnunarsvæði
Gæslustjóri	Lögreglan	Hreyfanlegur eftir þörfum
Flutningastjóri	Sjá viðkomandi atvikaáætlun	Hreyfanlegur eftir þörfum

Fyrstu verk allra verkpáttastjóra eru að:

- ☐ Hafa samband við vettvangsstjórn og fá fyrirmæli.
- ☐ Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- ☐ Skipa undirstjórnendur og útteila verkefnum.

Björgunarstjóri stýrir og samhæfir starfsemi í eða við húsarúst/flak, þar á meðal slökkvistörf, björgun úr flaki, burð þolenda af bráðaflokkunarsvæði.

Verkefni björgunarstjóra eru:

- ☐ **Leit:** Finna og staðsetja þolendur.
- ☐ **Björgun:** Úr lokuðum rýmum, undan fargi eða öðrum stað.
- ☐ **Slökkvistarf:** Stöðva eða hindra útbreiðslu elds.
- ☐ **Viðbrögð við mengun:** Hindra útbreiðslu / hreinsa upp.

Aðhlyningarstjóri stýrir og samhæfir starfsemi heilbrigðisstarfsmanna á slysstað / söfnunarsvæði slasaðra.

Verkefni aðhlyningarstjóra:

- ☐ **Bráðaflokkun:** Forgangsráða áður en flutt er frá innri lokun.
- ☐ **Áverkamat:** Með tilliti til flutnings. Hreyfanlegt. Greina ástand og skrá þolendur.
- ☐ **Meðferð:** Til að tryggja öryggi þolenda fram að og við flutning.
- ☐ **Forgangsröðun:** Hverja á að flytja, hvert, hvenær, með hvers konar tæki og hvaða meðferð á að veita.

Gæslustjóri stýrir og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi.

Verkefni gæslustjóra:

- ☐ **Lokun svæða:** Innri lokun, slysstaður og hættusvæði, Ytri lokun, vettvangurinn.
- ☐ **Verndun svæða:** Vettvangur og einstök starfssvæði, verndun látinna, verndun rannsóknarvettvangs, gæsla á lendingarsvæðum, verndun á öðrum starfssvæðum.
- ☐ **Umferðarskipulag:** Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir og almenn umferð.
- ☐ **Talning:** Talning og flæði þolenda.
- ☐ **Ástandskönnun svæða:** Heimsóknir, skipulega farið á hvert heimili og mikilvæga staði til nánari skoðunar. Hraðkönnun innviða, vegir, brýr, helstu mannvirki, rafmagn, fjarskipti. Kallaðir til sérfræðingar til skoðunar á mannvirkjum og innviðum sem hafa orðið fyrir skemmdum.

Flutningastjóri stýrir og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningstækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum. Verkefni flutningastjóra:

- ☐ **Móttaka:** Skráir inn í aðgerðina allar bjargir (Bjargir mæta á MÓT nema annað sé tekið fram).
- ☐ **Biðsvæði:** Biðsvæði hjálparliðs (BH). Biðsvæði flutningstækja (BF). Biðsvæði tækja og búnaðar (BTB).
- ☐ **Flutningstæki:** Heildaryfirlit (hvað, hvar, hvenær). Tæknileg framkvæmd.

5.6 Verkpáttaskipulag fyrir vettvangsstjórn



5.7 Samhæfingarstöðin(SST)

Samhæfingarstöðin (SST). Hlutverk hennar er samhæfing aðstoðar milli umdæma og ríkisstofnana jafnt í almannavarnaástandi sem og öðrum aðgerðum.

Nánar er fjallað um samhæfingarstöðina í stjórnskipulagsáætlun SST. [Hér kemur hlekkur á SST áætlunina]

5.8 Upplýsingaflæði / Fjölmiðlar

Þegar atburður á sér stað, hafa fjölmiðlar fljótt samband við viðbragðsaðila. Upplýsingagjöf er mikilvægur þáttur í öllum aðgerðum og því er nauðsynlegt að skýrt sé hver ber ábyrgð á henni hverju sinni. Markmið upplýsingagjafar er að tryggja að almenningur og fjölmiðlar fái áreiðanlegar upplýsingar sem passa hverju sinni.

Fulltrúi lögreglustjóra, Samhæfingarstöð (SST), Rauða krossins á Íslandi (RKÍ) og Slysavarnafélagsins Landsbjargar samræma upplýsingagjöf til fjölmiðla meðan á aðgerðum stendur.

5.8.1 Ábyrgð og aðkoma mismunandi aðila

Ábyrgð á upplýsingagjöf getur verið mismunandi eftir atburðum og aðgerðum. Í flestum tilvikum ber lögreglustjórinn á viðkomandi svæði ábyrgð á upplýsingagjöf. Samstarf milli viðbragðsaðila, lögreglu og stofnana og í sumum tilvikum, einkaaðila þarf að vera gott til að tryggja að réttar upplýsingar séu gefnar og að samræmi sé gætt í miðlun þeirra.

Samskipti við fjölmiðla er stjórnað og þau samræmd af:

- ☐ Lögreglustjóra / AST (stjórnanda aðgerðarinnar)
- ☐ SST (samhæfing aðgerða)
- ☐ Ef um aðgerðir í hafi er að ræða bera LHG ábyrgð á upplýsingamiðlun.

Í einhverjum tilvikum bera aðrir aðilar einnig ábyrgð, svo sem:

Náttúruvá: Veðurstofa Íslands sér um að vakta náttúruvá vegna ofanflóða, jarðskjálfta, veðurs, vatns, eldgosa, hafíss og sjávarflóða.

Flugvallasvæði: Ef atburður á sér stað innan flugvallasvæðis, sér Isavia um að veita upplýsingar um loftfar og þá þætti sem snúa að rekstri viðkomandi aðila.

Hafnir: Ef atburður á sér stað innan hafnar, ber hafnarstjóri ábyrgð á að veita upplýsingar um ástand hafna og hafnarmannvirkja.

Útgerð: Ef atburður á sér stað á sjó eða tengist skipum, ber útgerðaraðili ábyrgð á að veita upplýsingar um skip og þá þætti sem snúa að rekstri viðkomandi aðila.

Net- og upplýsingaöryggi: Ef atburður tengist net- og/eða upplýsingaöryggi ber CERT-IS ábyrgð á veita upplýsingar um mögulegar ógnir. Komi upp alvarleg ógn, svo sem stórir veikleikar, samræmir CERT-IS viðbrögð til að tryggja að réttar og tímanlegar upplýsingar berist til hlutaðeigandi aðila.

Sóttvarna- og heilbrigðismál: Ef atburður tengist heimsfaraldri eða heilbrigðismálum ber Embætti landlæknis að veita upplýsingar um þá þætti.

Geislavá: Geislavarnir ríkisins annast miðlun á upplýsingum er varðar geislavá og geislaþengun.

Samgöngur á landi: Vegagerðin annast upplýsingamiðlun um samgöngumál eftir því sem við á.

Loftgæði: Umhverfis- og orkustofnun ber ábyrgð á eftirliti með loftgæðum og að gera þau aðgengileg í gegnum vefinn loftgaedi.is.

Röskun á innviðum: Ef atburður tengist röskun á mikilvægum innviðum ber opinberu og/eða einkaaðilum sem reka viðkomandi mikilvægan innvið að koma upplýsingum til almennings og fjölmiðla um þá þætti sem snúa að rekstri viðkomandi aðila.

Mikilvægt er að fulltrúar þessara aðila hafi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

5.8.2 Helstu verkefni gagnvart fjölmiðlum

- ☐ Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.
- ☐ Eins fljótt og auðið er skal senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- ☐ Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála.
- ☐ Koma upplýsingum á framfæri til upplýsingaveitna meðal annars á erlendum tungumálum ef ástæða er til.
- ☐ Sé þess kostur skal ákvarða stað þar sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar.
- ☐ Fjölmiðlum sem mæta á staðinn skal vísað á öruggan stað þar sem þeir fá upplýsingar og bíða eftir að komast að vettvangi til myndatöku, skv. ákvörðun lögreglustjóra hverju sinni.

5.8.3 Aðgengi að vettvangi

Lögreglustjóri og/eða AST tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi meðan lokað er fyrir aðgengi. Ef fjölmiðlar fá aðgang tekur lögreglustjóri ákvörðun um hvort þeir þurfi að vera í fylgd. Aðkoma fjölmiðla skal ekki trufla aðgerðir og að öllum hlutaðeigandi aðilum sé tryggð fyllsta nærgætni. Fjölmiðlar skulu fylgja öllum öryggisráðstöfunum sem lögreglustjóri setur.

5.8.4 Upplýsingar um atburðinn og afdrif þolenda:

Upplýsingar um afdrif þolenda eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki eftirtalinna aðila, eftir því sem við á:

- ☐ Lögreglustjóra
- ☐ Aðstandendur
- ☐ Samhæfingarstöðin (SST)
- ☐ LHG, eftir því sem við á
- ☐ Rekstraraðila flugvélar eða útgerðar

Aðeins skal upplýsa um staðreyndir, ekki persónulegt álit þeirra sem svara eða setja fram hugleiðingar um ástæður þess er leiddur til aðgerða eða atburðar. Aldrei skal gefa fjölmiðlum upp nöfn einstaklinga sem í hlut eiga, áhafna eða farþegalista.

5.9 Sjúkraflug

Eftir að Neyðarlínan hefur sent út boð skv. boðunaráætlun er SST mönnum og leitað eftir upplýsingum frá AST um þörf á björgum til að senda með sjúkraflugvél. Nánari útlistun sjúkraflugs er í stjórnskipulagsáætlun SST.

Flugvellir:

Selfossflugvöllur, bundið slitlag

Hornafjarðarflugvöllur, bundið slitlag

Margir lendingarstaðir

6 STARFSSVÆÐI

Starfssvæðin sem skipuleggja þarf þegar tekist er á við atvik þar sem fjöldi þolenda á í hlut. Ef fáir hafa orðið fyrir skaða er ekki þörf á að virkja öll starfssvæðin. Betra er að virkja starfssvæðin í upphafi og loka þeim þegar ljóst er að ekki er þörf á þeim.

Lýsing á starfssvæðunum og hver tekur ákvörðun um virkjun og staðsetningu þeirra er í atvikaáætlunum, ákveðin staðsetning og hvaða einingar sinna hverju starfssvæði.

Starfssvæðum má skipta í tvo meginflokka. Söfnunarsvæði sem ætluð eru þolendum atburðarins og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum.

Söfnunarsvæði fyrir þolendur:

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Fjöldahjálparstöð (FHS)

Biðsvæði fyrir bjargir

Móttaka bjarga (MÓT)

Biðsvæði bjarga (BB)

6.1 Móttökustaður bjarga (MÓT)

Starfsemi: Staður þar sem bjargir tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða tilkynna sig í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

Staðsetning: Ákveðin af AST, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Verkbáttastjóri: Flutningastjóri

Hverjir sinna: Sjá viðkomandi atvikaáætlun



Þegar MÓT er virkt:

- ☐ Skrá allar bjargir sem koma á MÓT, tæki, stærð einingar, kallmerki.
- ☐ Ráðstafa björgum í verkefni eftir beiðnum frá verkþáttastjórum.
- ☐ Kalla eftir umferðarskipulagi hjá gæslustjóra, ef við á.
- ☐ Tryggja aðila til að sinna móttöku þyrlna, ef við á.
- ☐ Tryggja umsjón biðsvæða, ef við á.

Kortatákn:

Móttökustaður

Lendingarsvæði þyrlnu



6.2 Biðsvæði bjarga (BB)

Starfsemi: Staðir þar sem bjargir bíða frekari fyrirmæla eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum frá VST. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við **MÓT**. Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri eða ytri biðsvæði).

Staðsetning: Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra í samráði við flutningsstjóra, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Verkpáttastjóri: Flutningastjóri


Hverjir sinna: Sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Þegar BF, BH eða BTB eru virkjuð:

- ☐ Umsjón og eftirlit með hjálparliði á biðsvæði
- ☐ Virkjun hjálparliðs til verkefna skv. beiðni
- ☐ Skráning flutningstækja og flutningsgetu
- ☐ Umsjón og eftirlit, virkjun flutningstækja til verkefna
- ☐ Skráning tækja og búnaðar á biðsvæði

Sending tækja og / eða búnaðar skv. beiðni

Kortatákn: Biðsvæði
bjarga



6.3 Slysstaður og næsta nágrenni (SLY)


<u>Starfsemi:</u>	Björgun fólks úr hættu, bráðaflokkun, umönnun og undirbúningur fyrir flutning, slökkvistörf og eldvarnir, mengunarvarnir, leit umhverfis vettvang og hreinsunarstörf.
<u>Staðsetning:</u>	Staður þar sem slys eða atburður átti sér stað og fólk er í hættu vegna afleiðinga þess. Afmarkast oftast af innri lokun.
<u>Staðsetning sjór:</u>	Staður á sjó þar sem flugvél, bíll, bátur eða skip haf orðið fyrir óhappi eða farist.
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Björgunarstjóri
<u>Aðrir stjórnendur:</u>	Sjá viðkomandi atvikaáætlun.
<u>Hverjir sinna:</u>	Sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Einnig starfa rannsóknarlögreglumenn og Rannsóknarnefnd samgönguslysa á og við slysstaðinn. Þessir aðilar fylgja sérstakri áætlun um rannsókn svæðisins og falla ekki undir stjórn björgunarstjóra.

Verkefni og verkaskipting:

☐ Slökkvistörf, eld- og mengunarvarnir	Slökkvilið
☐ Lífsbjargandi aðstoð	Slökkvilið/greiningarsveitir/sjúkraflutningar/björgunarveitir
☐ Björgun úr flaki/rúst	Slökkvilið / björgunarveitir
☐ Burður slasaðra úr flaki/rúst	Slökkvilið / björgunarveitir
☐ Leit umhverfis flak/rúst	Björgunarveitir/lögreglan
☐ Hreinsunarstörf	Slökkvilið
☐ Bráðaflokkun	Greiningarsveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir
☐ Umönnun þolenda	Greiningarsveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir/RKÍ
☐ Undirbúningur fyrir flutning	Greiningarsveitir/sjúkraflutningslið/björgunarveitir
☐ Hleðslustjórn	Yfirmaður greiningarsveitar Hþ/björgunarveitir
☐ Hleðsla sjúkrabifreiða	Sjúkraflutningslið/björgunarveitir
☐ Talning í flutning á SSS	Gæslustjóri/lögreglan/björgunarveitir
☐ Flutningur slasaðra	Sjúkraflutningslið/björgunarveitir

Kortatákn:



6.4 Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Starfsemi: Staður þar sem þolendum er safnað saman á til áverkamats, skráningar, umönnunar og forgangsröðunar til flutnings. Þar fer einnig fram hleðsla og losun sjúkrabifreiða. Gefa þarf fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi.

Staðsetning: Samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Verkbáttastjóri: Aðhlynningarstjóri


Aðrir stjórnendur: Sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Hverjir sinna: Sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Verkefni og verkaskipting:

- | | |
|--|---------------------------------------|
| ☐ Áverkamat slasaðra | Læknir / greiningarsveit |
| ☐ Skráning/talning þolenda við móttöku og brottför | Greiningarsveit / björgunarsveitir |
| ☐ Forgangsröðun í flutningi frá SSS til sjúkrahúss | Stjórnandi, læknir |
| ☐ Fyrirmæli um ákvörðunarstað og eftirlit í flutningi | Stjórnandi, læknir |
| ☐ Umönnun og undirbúningur fyrir flutning | Sjúkraflutningslið / björgunarsveitir |
| ☐ Afhleðsla og hleðsla sjúkrabifreiða á SSS | Björgunarsveitir |
| ☐ Flutningur - grænir frá SSS | RKÍ / björgunarsveitir |
| ☐ Innri starfsemi á græna svæðinu | RKÍ / björgunarsveitir |

Kortatákn:



6.5 Söfnunarsvæði látinna (SSL)

<u>Starfsemi:</u>	Staður þar sem líkum eða líkamshlutum er safnað, kennsl, skráning og skýrslugerð fer fram.
<u>Staðsetning:</u>	Samkvæmt ákvörðun aðgerðastjóra í samráði við vettvangsstjóra, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun.
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan Kennslanefnd ríkislögreglustjóra Læknir

Verkefni og verkaskipting:

☐ Uppsetning svæðisins og gæsla þess	Lögreglan
☐ Bera kennsl á látna	Kennslanefnd
☐ Skráning og skýrslugerð	Lögreglan / kennslanefnd
☐ Úrskurða einstaklinga látna	Læknir

Kortatákn:



6.6 Gæslustörf á vettvangi

Starfsemi: Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn, umsjón með SSL og talning. Skipuleggur heimsóknir á hvert heimili og mikilvæga staði til nánari skoðunar. Skipuleggur hraðkönnun innviða, vegir, brýr, helstu mannvirki, rafmagn, fjarskipti. Kallar til sérfræðinga til skoðunar á mannvirkjum og innviðum sem hafa orðið fyrir skemmdum.

Verkpáttastjóri: Gæslustjóri

Ytri lokun: Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST eða sjá atvikaáætlun.

Innri lokun: Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST eða sjá atvikaáætlun.


Hverjir sinna: Lögreglan, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Verkefni og verkaskipting:

☐ Uppsetning á innri lokun við slysstað	Lögreglan
☐ Verndun vettvangs vegna rannsóknar	Lögreglan
☐ Skipulag á umferðarstjórn og lokunum innan vallar	Lögreglan/björgunarsveitir
☐ Umsjón með söfnunarsvæði látinna	Lögreglan
☐ Framkvæmd á gæslu einstakra starfssvæða	Lögreglan
☐ Löggæsla og verndun á slysavettvangi	Lögreglan
☐ Löggæsla og verndun á söfnunarsvæði	Lögreglan/björgunarsveitir
☐ Ytri lokanir	Lögreglan/björgunarsveitir
☐ Leiðbeina og stjórna umferð frá biðsvæði á slysstað	Lögreglan /björgunarsveitir


Kortatákn:

Innri lokun



Afmarkar þau svæði sem eru algjörlega lokuð öðrum en neyðarþjónustuaðilum.

Ytri lokun



Afmarkar umráða- og starfssvæði.

6.7 Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Starfsemi: Staður þar sem aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar, sálræns stuðnings. Sameining aðstandenda og þeirra sem komust óslasaðir frá slysinu.

Staðsetning: Samkvæmt ákvörðun aðgerðastjórnar, eða SST ef utan umdæmis.
Fjöldahjálparstöðvar RKÍ eru skilgreindar í aðgerðagrunni og á heimasíðu Rauða krossins en AST tekur lokaákvörðun um hvar söfnunarsvæði skuli starfrækt en það getur verið í öðru heppilegu húsnæði en skilgreindu húsnæði undir FHS.

Ábyrgð: Aðgerðastjórn


Aðrir stjórnendur: Rauði krossinn á Íslandi.

Hverjir sinna: Rauði krossinn á Íslandi og sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Verkefni og verkaskipting:

- | | |
|--|---------------------|
| ☐ Upplýsingagjöf til aðstandenda | RKÍ |
| ☐ Skráning aðstandenda og tengsl við þolendur | RKÍ |
| ☐ Almennur sálrænn stuðningur | LSH / RKÍ / prestar |
| ☐ Sameining aðstandenda og lítið slasaðra | RKÍ |
| ☐ Aðstöðusköpun á SSA | RKÍ |
| ☐ Fyrirgreiðsla við erlenda ríkisborgara í samvinnu við | SST |

Kortatákn:



6.8 Fjöldahjálparstöð (FHS)

Starfsemi: Staður þar sem óslösuðum þolendum og aðstandendum er safnað saman til upplýsingagjafar, skráningar og áfallahjálpar.

Þar fer fram:

- Móttaka og skráning þolenda
- Úrvinnsla á skráningu með það að markmiði að sameina fjölskyldur
- Aðhlynning
- Sálfræðilegur stuðningur
- Upplýsingagjöf

Staðsetning: Samkvæmt ákvörðun aðgerðastjórnar, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Fjöldahjálparstöð RKÍ samkvæmt skilgreiningu þeirra á vef RKÍ.

Ábyrgð: Aðgerðastjórn


Aðrir stjórnendur: Rauði kross Íslands stjórnar innri starfsemi á FHS í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.

Hverjir sinna: Rauði krossinn
Áfallateymi
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Starfsmenn Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga
Félagsþjónustan

Verkefni og verkaskipting:

- | | |
|---|--|
| • Almenn aðstoð við þolendur í kjölfar atburðar | RKÍ/prestar/ |
| • Almenn sálgæsla, huggun og andleg uppörvun | RKÍ/prestar |
| • Sameining aðstandenda og lítið slasaðra | RKÍ |
| • Fyrirgreiðsla við erlenda ríkisborgara í samvinnu við | RKÍ / utanríkisráðuneytið og / eða viðkomandi sendiráð / ræðismann |

Kortatákn:



6.9 Talning/Skráning


Starfsemi: Talning og staðsetning þolenda við slysstað. Hafa yfirsýn yfir hvar þolendur eru á hverjum tíma. Gæslustjóri eða fulltrúi hans sér um að taka saman tölur úr talningapósti og upplýsa VST og AST um fjölda og staðsetningu.

Staðsetning Talið við slysstað (bráðaflokkun).
Inn og út af söfnunarsvæðum.
Talið við flutning út fyrir YL og afrifa skilin eftir.

Verkpáttarstjóri: Gæslustjóri

Hverjir sinna: Lögreglan, eða sjá viðkomandi atvikaáætlun.

Kortatákn:



Verkefni og verkaskipting:

Á slysstað:

Þar fer fram bráðaflokkun og í því kerfi eru þolendur taldir eftir bráðaflokkun og gefur þetta fyrstu upplýsingar um ástand þolenda á slysstað. Björgunarstjóri kemur upplýsingum úr bráðaflokkun til gæslustjóra.

Á söfnunarsvæði slasaðra (SSS):

Talið inn og út af söfnunarsvæði slasaðra SSS. Talningar staðfestar reglulega.

Á söfnunarsvæði látinna (SSL):

Þar er talið inn og fer fram skráning á látnum og líkamshlutum.

Af svæðinu:

Þegar þolendur fara af SSS á sjúkrastofnanir eða önnur söfnunarsvæði utan VST skilja þeir eftir afrifur greiningarspjalda við síðasta talningapóst.

Það er hlutverk VST í samvinnu við AST að vinna úr skráningum og tryggja að vitað sé um alla sem í slysinu lentu þegar aðgerðum er lokið.

7 FJARSKIPTI / SAMSKIPTI

Neyðarfjarskipti fara í gegnum talhóp 8-0 á leið á vettvang (uppl. gjöf frá 112/FMR til viðbragðsaðila þar til einhver er kominn á vettvang). Haldið er áfram á þessum talhóp þar til fyrirmæli um annað eru gefin út af AST.

Ef um langtímaverkefni er að ræða er hægt að fara með fjarskipti á talhóp Blár 10-X með sömu undirhópa og í öðrum möppum. SST úthlutar Blár 10-X til notkunar. Með þessu er talhópur X-X laus fyrir daglega þjónustu. Talhópamappa 10 er notuð í löngum aðgerðum til að teppa ekki daglega talhópa.

Ef upp koma aðstæður þar sem ekki er hægt að tryggja samskipti í gegnum TETRA er nauðsynlegt að koma upp endurvarpa fyrir TETRA-kerfið eða tengja saman VHF/TETRA.

VHF getur einnig nýst í ákveðnum verkefnum sem eru langt utan alfaraleiðar og búa björgunarsveitir yfir búnaði til að varpa þeim samskiptum yfir á TETRA-hóp.

7.1 Grunnskipulag fjarskipta

Grunnskipulag fjarskipta er sem hér segir:

Viðbragðsaðilar á leið á vettvang hlusta á talhópinn **TETRA, talhóp BLÁR 8 – 0**, og spara óþarft tal á talhópnum.

- Samhæfingarstöðin og aðgerðastjórn eru með sín samskipti á **SST – BLÁR**.
- Aðgerðastjórn – Vettvangsstjórn, **TETRA AST – 8**.
- Vettvangsstjórn - stjórnendur verkþátta, **TETRA VST – 8**.
- AST, SST og vísindamenn eru með sín samskipti á **Gulur 8 – 1**.
- Innbyrðisfjarskipti innan einstakra verkþátta ákvarðast eftir aðstæðum (TETRA og VHF).
- Aðhlynningarstjóri er í sambandi við AST og SST varðandi sjúkraflutninga á **BLÁR 8 – 5** eftir því sem við á ásamt HSU (SST getur fært verkefnið á annan talhóp ef álag gefur tilefni til).

Verkþáttastjórar og þeirra verkþættir geta notað talhópa:

Björgunarstjóri	TETRA BLÁR 8 - 1
Aðhlynningarstjóri	TETRA BLÁR 8 - 2
Gæslustjóri	TETRA BLÁR 8 - 3
Flutningastjóri	TETRA BLÁR 8 - 4
Aðhlynningarstjóri / AST / HSU / sjúkrahús	TETRA BLÁR 8 - 5
Rauði kross Íslands (FHS / SSA) er í sambandi við AST / SST á	TETRA BLÁR 8 - 6
Landhelgisgæslan, t.d. fyrir samstillingu (patsha), rás 16 og Tetra	TETRA BLÁR 8 – 7
Samkvæmt ákvörðun AST	TETRA BLÁR 8 – 8
Samkvæmt ákvörðun AST	TETRA BLÁR 8 – 9

Purfi að fjölga VST úthlutar AST talhópum fyrir þær.

Blár 8
Suðurland

Upphafstalhópur er Blár 8-0

Blár

- Aðgerðastjórn
- Björgunarsveitir
- Isavia
- Rauði krossinn á Íslandi
- Allir sem hafa aðgang að rauðum talhópum

Vinnutalhöpar ætlaðir til notkunar eftir þörfum hverju sinni.

Gulur

- Fjarskiptafyrirtæki
- Hafnir
- Jarðvísindastofnun
- Strætó
- Sveitarfélög
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Veitustofnanir
- Þjóðgarðar og náttúruverndarsvæði
- Allir sem hafa aðgang að rauðum og bláum talhópum

Gulir talhöpar 8-4 og 8-5

Neyðarlínan 112 og FMR útlata eftir þörfum. Fyrir notendur utan viðbragðsgeirans og hefðbundinnar notkunar gulra talhöpa.

Allir sem hafa aðgang að rauðum, bláum og gulum talhópum.

Samvinna við stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki sem ekki teljast til hefðbundinna viðbragðsaðila en geta haft aðkomu að málum þar sem viðtækrar samhæfingar er þörf.

Blár 8

Blár 8-1	Björgunarstjóri
Blár 8-2	Aðhlyningarstjóri
Blár 8-3	Gæslustjóri
Blár 8-4	Flutningastjóri
Blár 8-5	Umsýsla þolenda
Blár 8-6	Vinnuhópur RKÍ
Blár 8-7	Vinnuhópur LHG, gáttun VHF 88 og TETRA
Blár 8-8	Vinnuhópur dróna
Blár 8-9	Auka talhöpur til úhlutunar eftir þörfum
SST Blár	Vinnuhópur SST og AST
SST Blár B	Vinnuhópur SST og AST, auka
AST-8	Vinnuhópur AST og VST
VST-8	Vinnuhópur VST og verkpáttastjóra

Gulur 8

Gulur 8-1	Skip
Gulur 8-2	Sveitarfélög, veitur og fleira
Gulur 8-3	Auka talhöpur til úhlutunar eftir þörfum
Gulur 8-4	Utan hefðbundinnar notkunar gulra hópa
Gulur 8-5	Utan hefðbundinnar notkunar gulra hópa
SST Gulur	Vinnuhópur SST og annarra gulra vinnuhópa
SST Gulur B	Vinnuhópur SST og annarra gulra vinnuhópa

Athugið að rauðir talhöpar eru notaðir í einstaka tilfellum þar sem um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar.

7.2 Varafjarskiptaskipulag

Við kerfisbilun í TETRA skal nota **DMO Neyð** sem upphafstalhóp aðgerða. Skipt er yfir á DMO TETRA með því að halda inni "0" á takkaborði TETRA stöðvar í 2 sek. Fjarskipti á DMO TETRA byggja á sjónlínu á milli aðila og eru þar af leiðandi skammdrægari en venjulega í TETRA kerfinu. Þetta er varaleið og líklegt að samskipti muni ganga verr en venjulega. Nota skal kallmerki í samskiptunum.

7.3 Grunnskipulag fjarskipta á sjó

Í upphafi fara fjarskipti milli báta og LHG/VSS fram á VHF rás 16 (uppkall og neyðartíðni skipa og báta). Samskipti við loftför í leit /björgun fara fram í gegnum flugturn.

Fjarskipti um VHF-rásir skipa	
Almenn neyðarráð skipa	VHF 16
Vinnurás viðbragðsaðila	VHF 5 – björgunarsveitir, sameiginleg
Vinnurás fyrir skip og báta	VHF 10
Fjarskipti stjórnanda á sjó/landi	Í samræmi við fjarskiptaskipulag
Fjarskipti í landi	Í samræmi við fjarskiptaskipulag